

Stjórnarfundur STEFs 29. júní 2026 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 29. júní 2026 kl. 10:00 á Laufásvegi 40.

Fundarmenn: Hallur Ingólfsson, Hrafnkell Pálmarrsson, María Huld Markan, Magnús Jóhann Ragnarsson, Sóley Stefánsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason. Páll Ragnar Pálsson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir stjórnarfunda frá 13. og 21. maí svo og útdrættir lagðar fram. Voru þau gögn samþykkt.
2. Fundargerð aðalfundar fulltrúaráðs STEFs frá 21. maí lögð fram til upplýsingar. Engar athugasemdir bárust.
3. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundinum til 29. júní lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- Drög að endurnýjuðum samningi við Símann
- Ársreikningur Samtóns 2025
- Fréttabréf STEFs júní 2026

4. Miðsumarsúthlutun 2026.
 - Lagt var fram yfirlit yfir úthlutunina
 - Yfirlit tekna jan-júní 2026

Ánægja er með úthlutunina, sem hefur farið vaxandi ár frá ári og hefur aldrei verið hærri en nú. Þá sýnir tekjuyfirlit fyrir fyrstu sex mánuði ársins einnig ágætan vöxt.

5. Farið yfir tilnefningar STEFs í hinar ýmsu stjórnir og nefndir.

Farið var yfir lista sem lagður var fram á fundinum. Ekki voru gerðar neinar breytingar á tilnefndum aðilum að þessu sinni.

6. Samningar og uppgjör Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Lagt var fram minnisblað um uppgjör hljómsveitarinnar árin 2024 og 2025.

7. Breytingar á réttindaflokkum í aðildarsamningi vegna gervigreindar.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- Minnisblað um breytingarnar
- Drög að breyttum aðildarsamningi
- Drög að eyðublaði til að tilkynna breytingar á réttindaflokkum

Nokkrar umræður urðu um þessar breytingar. Ákvað stjórn að bera málið undir næsta fulltrúaráðsfund STEFs, sem verður í desember. Fram að því verður málið undirbúið betur og rætt aftur í stjórn. Sem hluta af undirbúningi verður skoðað hvernig fleiri samtök (en greint var frá í minnisblaðinu) hafa útfært þetta, auk þess sem undirbúin verður kynning á málinu. Þá leggur stjórn það til, að orðalag þessara nýju flokka verði endurskoðað og það einfaldað eins og hægt er.

8. Skráning á verkum sem að hluta eru gerð með gervigreind.

Samþykkt var að taka upp nýtt nafn á skráningunni, þannig að í stað þess að skráningin verði merkt AI, þá verði hún merkt HÓ (höfundur óþekktur).

9. Ört vaxandi höfundar – ákvörðun um veitingu viðurkenninga á menningarnótt.

Ákveðið var að veita eftirfarandi aðilum viðurkenningu í ár:

- a) Elín Hall
- b) Daniil
- c) Friðrik Margrétar- Guðmundsson

10. Endurskoðun á samþykktum STEFs er varða kjörgengi og atkvæðisrétt. Nokkrar umræður urðu um þörfina á breytingum að þessu leyti. Ákveðið var að fresta málinu til frekari umræðna á næsta stjórnarfund.

11. Endurskoðun verklagsreglna stjórnar um styrkveitingar og lagahöfundabúðir.

Ákveðið var að fresta málinu til frekari umræðna á næsta stjórnarfund. Stjórnarmenn voru hvattir til að koma með tillögur að breytingum.

12. Endurskoðun úthlutunarreglna Ferðasjóðs STEFs.

Ákveðið var að fresta málinu til frekari umræðna á næsta stjórnarfund. Stjórnarmenn voru hvattir til að koma með tillögur að breytingum.

13. Ósk um aðgang að gagnagrunni STEFs.

Lagt var fram bréf frá *Félagi áhugafólks um íslenska tónlist*, þar sem óskað var bæði eftir samningi við STEF um birtingu texta, svo og tilteknum upplýsingum úr gagnagrunni STEFs til birtingar.

Ákveðið var að fresta málinu til frekari umræðna á næsta stjórnarfund. Framkvæmdastjóra var falið að skoða aðeins betur álitaefni er tengjast persónuvernd.

14. Tónlist og auglýsingar.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu með tilteknu fyrirtæki til að auðvelda fyrirtækinu (og öðrum íslenskum fyrirtækjum) að nota tónlist á samfélagsmiðlum, en mjög mörgum fyrirtækjum þykir það bæði flókið og dýrt að afla leyfa til notkunar tónlistar á samfélagsmiðlum og því hafa þau mörg annað hvort brugðið á það ráð að nota enga tónlist, nota tónlist frá tónlistarböndum sem oft eru með gervigreindarlausnir eða þá að nota tónlist án leyfis. Í upphaflegri dagskrá fundarins var gert ráð fyrir kynningu af hálfu CORA, sem er í eigu systursamtaka STEFs, STIM í Svíþjóð, en það fyrirtæki býður upp á lausn til handa fyrirtækjum til að nota tónlist sem þangað hefur verið sett af hálfu hljómplötufyrirtækja með samþykki STIM. Því miður urðu forföll á fundinn af hálfu CORA og mun kynning þess því bíða næsta stjórnarfundar. Vill stjórn STEFs skoða hvort þessi lausn væri ekki heppileg bæði fyrir meðlimi STEFs, íslenska hljómplötuframleiðendur svo og fyrirtæki. Verður þetta því skoðað betur á næsta stjórnarfundum.

15. Tilkynning til Fyrirtækjaskrár um breytingu á stjórn var undirrituð.
16. Önnur mál.

Engin frekari mál voru fram borin.

Fundi var slitið kl. 13:30.